

Hulda Kristjánsdóttir

From: Hulda Rós Bjarnadóttir - VG <hulda.r.bjarnadottir@vegagerdin.is>
Sent: föstudagur, 20. desember 2024 15:21
To: Friðrikka Jóhanna Hansen - VG; Hilmar Stefánsson - VG
Subject: Tilkynning um stöðu verkefnisins Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna - Kynning á niðurstöðum
Attachments: 2024_12_20_Tilkynning staða verkefnis.pdf

Góðan daginn

Meðfylgjandi í viðhengi eru upplýsingar um stöðu verkefnisins *Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna*. Er þetta tilkynning nr. 2 en sú fyrsta var send á valda hagaðila 17. október sl.

Vegagerðin tilkynnir hér með að völdum stjórnssýslum, stofnunum og félagasamtökum er boðið á samráðskynningu á niðurstöðum verkefnisins í janúar 2025, sjá nánar í viðhengi.

Bestu kv.



Hulda Rós Bjarnadóttir

sérfræðingur
Almenningssamgöngur

hrb@vegagerdin.is

specialist
Public Transport

[+354 522 1030](tel:+3545221030)

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Suðúrhraun 3, 210 Garðabær
vegagerdin.is

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.



Tilkynning um stöðu verkefnis

Afhendist til:

- Sveitarstjóra/bæjarstjóra
- Umhverfis- og/eða skipulagsfulltrúa
- Íþrótt- og tómstundarfulltrúa
- Rekstrarfulltrúa innanbæjarvagna (ef við á)
- Skólastjórnenda
- Fulltrúa íþróttafélags
- Framkvæmdarstjóra landshlutasamtaka

Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna

Síða 1/3

Með þessu bréfi vill Vegagerðin upplýsa um stöðu verkefnisins *endurskoðun á leiðarkerfi landsbyggðarvagna*.

Vegagerðin, sem ábyrgðaraðili á rekstri landsbyggðarstrætó, vinnur að endurskoðun á núverandi leiðakerfi. Markmiðið er að skoða hverja akstursleið út frá gæðum, nýtni og gagnsemi. Hluti þeirrar vinnu voru samráðsfundir sem Vegagerðin hélt með hagsmunaaðilum landsbyggðarstrætó á vormánuðum 2024. Fundina sátu starfsmenn deildar almenningsgangna hjá Vegagerðinni, aðilar frá sveitarstjórnnum, sveitarfélögum, landshlutasamtökum, framhalds- og háskólum, íþróttafélögum og akstursaðilum.

Þann 14. október sendi Vegagerðin fyrstu tilkynningu um stöðu verkefnisins. Bréf þetta er stöðutilkynning nr. 2 frá Vegagerðinni.

Kynningarfundir

Vegagerðin vekur athygli á að dagana 20.-24. janúar 2025 verða haldnir kynningarfundir fyrir hagaðila á niðurstöðum endurhönnunar á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó. Um ræðir fjarfundi með fundarstjóra. Fundarboð verður sent til viðkomandi aðila á nýju ári. Áætlað er að fundir verði 2 klst. hver: 1 klst. kynning á niðurstöðum og 1 klst. fyrirspurnir sem fundstjóri stýrir. Skipting sveitarfélaga, landshlutasamtaka og hagaðila verður samkvæmt töflu. Tímaröð funda er óstaðfest og uppröðun skv töflu aðeins til viðmiðunar.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Samningshluti	Leið	Sveitarfélag	Hagaðilar
Fundur A. Suðurnes	55	Suðurnesjabær	FS
	89	Reykjanesbær	UMFN
	87	Sveitarfélagið Vogar	Keflavík íþróttta- og ungmennafélag
	88	SSS	Íþróttabandalag Reykjanesbæjar
			Íþróttabandalag Suðurnesja
Fundur B. Suðurland	51	Sveitarfélagið Ölfus	ML
	52	Sveitarfélagið Árborg	FSU
	53	Hveragerðisbær	Hamar
	71	Bláskógabyggð	UMF þór
	72	Grímsnes- og Grafningshreppur	UMFS
	73	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	FAS
		Hrunamannahreppur	
		Rangárþing ytra	
		Rangárþing eystra	
		Flóahreppur	
		Ásahreppur	
		Mýrdalshreppur	
		Skafthreppur	
	Sveitarfélagið Hornafjörður		
	SASS		
Fundur C. Vestur- og Norðurland	50	Akraneskaupstaður	FSN
	57	Borgarbyggð	MB
	81	Hvalfjarðarsveit	FVA
	82	Sveitarfélagið Stykkishólmur	LBHÍ
	84	Snæfellsbær	FNV
	58	Sveitarfélagið Grundarfjörður	
	59	Sveitarfélagið Dalabyggð	
		Reykhólahreppur	
		Strandabyggð	
		Húnabyggð	
		Húnaþing vestra	
		Skagafjörður	
		Sveitarfélagið Skagaströnd	
		SSNV	
		SSV	
	FSV		

Samningshluti	Leið	Sveitarfélag	Hagaðilar
Fundur D. Norður- og Norðausturland	56	Fjallabyggð	MTR
	78	Dalvíkurbyggð	MA
	79	Hörgársveit	VMA
	57	Akureyrarbær	HA
		Þingeyjarsveit	FL
		Norðurþing	FSH
		SSNE	
Fundur E. Austurland	91	Fjarðabyggð	ME
	92	Múlaping	VA
	93	Vopnafjarðarhreppur	
	94	Austurbrú	
	56		

Síða 3/3

Uppfærð staða verkefnisins í dag er á þessa leið:

- Vegagerðin og VSÓ stefna á lok endurhönnun á akstursleiðum fyrir miðjan janúar 2025.
- Strætó bs. vinnur að uppsetningu á þeim akstursleiðum þar sem frumhönnun er lokið. Áætlað að vinnu ljúki fyrir 31. janúar 2025.
- Vinna á útboðstexta er hafin í samstarfi við VSÓ verkfræðistofu.
- Maskína vinnur að íbúakönnun. Niðurstöður liggja ekki fyrir að svo stöddu.

Tímalína næstu skrefa er eftirfarandi:

- Miður janúar 2025: Lok endurhönnunar akstursleiða hjá VSÓ verkfræðistofu.
- 20-25 janúar 2025: Kynningarfundur með sveitarfélögum og hagaðilum á niðurstöðum endurhönnunar á leiðarkerfinu.
- Mánaðarmót janúar/febrúar 2025: Strætó bs. lýkur uppsetningu akstursleiða í Optibus.
- 3-5 febrúar 2025: Gerð útboðsgagna lokið.
- 6 febrúar 2025: Útboð sett í auglýsingu.

Vegagerðin

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Hulda Rós Bjarnadóttir
sérfræðingur

Hulda Kristjánsdóttir

From: Gunnlaug Einarsdóttir <gunnlaug@irf.is>
Sent: föstudagur, 20. desember 2024 14:32
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Sérstök söfnun sveitarfélaga
Attachments: Flóahreppur.pdf

Meðfylgjandi er áætlun um mánaðarlegar greiðslur Úrvinnslusjóðs til sveitarfélagsins fyrir sérstaka söfnun á umbúðum fyrstu sex mánuði ársins 2025, sbr. kynningu Úrvinnslusjóðs sem haldin var með sveitarfélögunum þann 4. nóvember s.l. <https://www.urvinnslusjodur.is/um-urvinnslusjod/utgafa/tilkynningar/fundur-um-greidslur-til-sveitarfelaga>.

Fyrirkomulag greiðslna verður endurskoðað um mitt næsta ár.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Einarsdóttir.

Tölvupóstur: gunnlaug@irf.is

Sími: 768-9870



Flóahreppur
Þingborg
803 Selfoss

Reykjavík, 20.12.2024

Efni: Breytt fyrirkomulag á greiðslum til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum fyrstu sex mánuði ársins 2025.

Úrvinnslusjóður mun taka upp breytt fyrirkomulag á greiðslum til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum fyrstu sex mánuði ársins 2025. Um tímabundið fyrirkomulag er að ræða vegna innleiðingar nýrrar gagnagáttar Úrvinnslusjóðs fyrir skil á söfnunarpplýsingum frá sorphirðuaðilum sem hefst 1. janúar 2025. Þetta er gert til að tryggja samfellu í greiðslum til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar. Greiðslur til sveitarfélaga munu berast mánaðarlega og ákvarðast af meðaltalsgreiðslum fyrir sérstaka söfnun sem greiddar voru til sveitarfélagsins allt að 12 mánuði aftur í tímann. Í einstaka tilfellum gæti þurft að styðjast við styttra greiðslutímabil.

Fyrir liggur fyrir greiðslusaga tímabilsins 1. október 2023 – 30. september 2024.

Á þessu tólf mánaða tímabili greiddi Úrvinnslusjóður til sveitarfélagsins vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum úr pappa, plasti, gleri og málmum samtals kr.:

7.735.173

Byggt á þessum greiðslum áætla Úrvinnslusjóður að greiða sveitarfélaginu fyrir sérstaka söfnun á umbúðum mánaðarlega á tímabilinu janúar – júní 2025 kr.:

644.598

Við áætlun á greiðslum er horft til heildargreiðslu á framangreindu tímabili og meðalgreiðsla verður greidd út mánaðarlega. Ef samsöfnun á pappa og plasti er enn í sveitarfélaginu og Úrvinnslusjóður hefur ekki fengið innsent uppfærð gögn frá þjónustuaðilum vegna sérsöfnunar, eða ef samsöfnun hefur verið hætt á síðustu 3-6 mánuðum eða ekki hafa borist gögn um söfnun á grenndar-/söfnunarstöðvum, þá er áætlun Úrvinnslusjóðs önnur en meðalgreiðslur tímabilsins, í einstaka tilfellum eru engar greiðslur áætlaðar.

Fyrirkomulagið verður endurskoðað um mitt ár 2025 með tilliti til hvort ástæða verði til framlengingar. Endanlegt uppgjör vegna ársins 2025 verður gert þegar öll gögn um sérstaka stofnun á umbúðum á árinu 2025 hafa borist Úrvinnslusjóði.

Greiðslur á mánuði frá janúar til júní 2025 skiptast með eftirfarandi hætti:

Úrgangsflokkur	Mánaðargreiðsla
Glerumbúðir	4.644
Pappaumbúðir	391.441
Plastumbúðir	248.513
Samtals	644.598

Fundur um greiðslur til sveitarfélaga 4.11. - Upptaka

Úrvinnslusjóður hélt fund í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga þann 4. nóvember nk. kl. 14:00-15:00. Upptöku af fundinum má nálgast í fréttinni.

28. okt. 2024

Greiðslur vegna söfnunar á víðavangi og fyrirkomulag greiðslna fyrir sérstaka söfnun umbúðaúrgangs á fyrri hluta árs 2025.

Upptaka af fundinum

Sandra Brá Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs og Gunnlaug Einarsdóttir verkefnastjóri funduðu með tæknimönnum og fjármálastjórum sveitarfélaga. Á fundinum var fjallað um:

- Greiðslur til sveitarfélaga fyrir hreinsun á tilteknum einnota plastvörum á víðavangi fyrir árin 2023 og 2024, en þetta fyrirkomulag var einnig kynnt sveitarfélögunum bréflega þann 26. september sl. Um er að ræða heildargreiðslur uppá 50.3 mkr. samtals fyrir hvort ár til sveitarfélaganna. Farið verður yfir forsendur greiðslna, meðal annars kröfur um skil á gögnum.
- Tímabundnar breytingar á fyrirkomulagi á greiðslum fyrir sérstaka söfnun á umbúðaúrgangi á fyrri hluta árs 2025. Úrvinnslusjóður mun um n.k. áramót taka í notkun nýja gagnagátt fyrir skil á upplýsingum frá þjónustuaðilum. Þess er vænst að þegar gáttin verður komin í full not muni komast meiri stöðugleiki á greiðslur til sveitarfélaga, enda byggja greiðslurnar á að gögn frá þjónustuaðilum séu bæði rétt og tímanleg. Til að auka fyrirsjáanleika í greiðslum mun Úrvinnslusjóður, fyrstu 6 mánuði næsta árs, greiða sveitarfélögunum mánaðarlega fjárhæð sem byggir á meðaltalsgreiðslum undangenginna mánaða. Heildargreiðslur vegna sérstakrar söfnunar 2025 verða síðan gerðar upp í árslok þegar endanleg gögn liggja fyrir. Með þessu er komið til móts við óskir um fyrirsjáanleika og reglubundnar greiðslur, jafnframt því að komið í veg fyrir að ófyrirséðir hnökrair sem upp geta komið við innleiðingu nýrrar gagnagáttar tefji greiðslurnar. Það er von Úrvinnslusjóðs að þetta tímabundna fyrirkomulag auðveldi gerð rekstraráætlauna sveitarfélaganna.

Leita á vefnum